

Viðauki B3



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Niðurstöður úr aukasamráði PFS um tilteknar breytingar á frumdrögum að greiningu á mörkuðum fyrir heildsöluaðgang að föstum aðgangsnetum (M4) og breiðbandsaðgang í heildsölu (M5)

11. júlí 2014

Inngangur

Þann 20. desember 2013 efndi Póst- og fjarskiptastofnun til afmarkaðs aukasamráðs um tilteknar breytingar á frumdrögum markaðsgreiningar á heildsölumörkuðum fyrir aðgang að föstum aðgangsnæti og breiðbandsaðgang (markaðir 4 og 5). Frétt þessa efnis var birt á heimasíðu stofnunarinnar og hagsmunaaðilum sent samráðsskjalið.

Frestur til athugasemda rann út þann 24. janúar 2014 og sendu eftirfarandi aðilar stofnuninni athugasemdir sínar.

- Fjarskipti hf. (Vodafone)
- IP-Fjarskipti ehf. (Tal)
- Míla ehf. (Míla)
- Síminn hf. (Síminn)

Samráðsskjal aukasamráðsins hefur heitið Viðauki B2, en í þessu skjali, sem fær heitið Viðauki B3, verður fjallað um athugasemdir sem bárust vegna þessa afmarkaða aukasamráðs og gerð grein fyrir afstöðu PFS. Í Viðauka B1 er síðan fjallað um þær athugasemdir sem bárust við upphafleg frumdrög að framangreindum greiningum en samráð um þau stóð frá 7. mars til 7. maí 2013.

1. Almennar athugasemdir

Tal sendi stofnuninni bréf þess efnis að fyrirtækið hefði kynnt sér efni þeirra breytinga sem boðaðar voru í aukasamráðinu og gerir ekki efnislegar athugasemdir við þær.

Afstaða PFS

Þessi afstaða Tal sem hér um ræðir styrkir fyrirhugaða niðurstöðu PFS.

Míla gerir þá athugasemd að fyrirtækið telji sátt Skipta og Samkeppniseftirlitsins mikilvægan þátt sem PFS beri að taka tillit til í markaðsgreiningum. Sáttin feli í sér umfangsmiklar skipulagsbreytingar á samstæðunni sem fela það í sér að gerður sé skýr aðskilnaður á milli grunnkerfa samstæðunnar og smásölustarfsemi Símans. Með sáttinni og þeim skipulagsbreytingum, skilyrðum og aðhaldi sem sáttinni fylgja sé komið í veg fyrir að lóðrétt samþætting í samstæðunni geti komið Símanum til góða umfram önnur fyrirtæki á markaði.

Í aukasamráðinu hafi verið tekið tillit til athugasemda Mílu við frumdrögin með almennri umfjöllun um sáttina og áhrif hennar á markaðsgreiningu en Míla er ekki sammála PFS um hve lítið vægi sáttin hefur á greiningu PFS og fyrirhugaðar kvaðir þar sem þrátt fyrir umfangsmiklar kvaðir sáttarinnar telur PFS það ekki hafa áhrif á fækkun eða léttingu kvaða sem PFS telur sig þurfa að leggja á. Þessu mótmælir Míla alfarið og telur ganga gegn meðalhófsreglu.

Afstaða PFS

Eins og Míla bendir á í athugasemd sinni er samstæðan lóðrétt samþætt og er enn ein efnahagsleg eining í skilningi samkeppnisréttar. Því hefur sáttin ekki breytt. Í greiningu PFS er horft til möguleika samstæðunnar til nýtingar slíkrar lóðréttar samþættingar til viðhalds og styrkingar á umtalsverðum markaðsstyrk á viðkomandi mörkuðum. Sáttin er fremur nýkomin til og hefur ekki komið til fullrar framkvæmdar, auk þess sem framkvæmd hennar hefur ekki verið að fullu í samræmi við það sem samstæðan undirgekkst. Ennfremur standa nú yfir þreifingar SE og Skipta um breytingu á sáttinni. Þrátt fyrir að PFS telji gerð sáttarinnar jákvætt skrefi í að tryggja samkeppni á fjarskiptamarkaði þá getur PFS ekki tekið tillit til sáttarinnar á þessu stigi í greiningum sínum fyrr en hún er komin til fullrar framkvæmdar og orðið til þeirra breytinga á viðkomandi mörkuðum að staða samstæðunnar hafi breyst til framtíðar þó sáttin falli úr gildi. PFS telur því að miðað við þau samkeppnisvandamál sem greind hafa verið á viðkomandi mörkuðum séu þær kvaðir sem PFS hyggst leggja á Mílu nauðsynleg á þessu stigi og því í samræmi við meðalhóf. Kvöðum kann síðan að verða aflétt að hluta eða öllu leyti þegar fram líða stundir, ef þær kvaðir sem nú eru lagt til að verði lagðar á og þær kvaðir sem umrædd sátt kveður á um leiða til þess að staðan á markaðnum breytist með áþreifanlegum hætti samstæðunni í óhag. Það hefur ekki gert ennþá. Vísað er til ítarlegrar umfjöllunar um áhrif sáttarinnar á viðkomandi markaðsgreiningar PFS í viðauka B1.

Vodafone gerir ekki athugasemd við ákvarðanir PFS þess efnis að fella ekki niður kvaðir á Mílu á viðkomandi mörkuðum vegna sáttar Skipta við Samkeppniseftirlitið. Vodafone telur mikilvægt að horfa til þess að félögin Síminn og Míla eru enn hluti sömu samstæðu. Þau tengsl ein og sér eru réttlætanleg til að gera ekki breytingar á umræddum kvöðum þar sem þau mynda eina efnahagslega einingu í skilningi samkeppnisréttar.

Afstaða PFS

Vodafone er hér sammála fyrirhugaðri niðurstöðu PFS og styrkir það afstöðu PFS hvað áhrif sáttarinnar varðar.

Síminn telur að endurskoða þurfi frumdrögin í heild sinni í ljósi þess að þau eru tæpleg árs gömul og breytingar hafi orðið á markaði. Síminn telur það leiða til þess að óvissa sé um ábyrgð og skyldur aðila sem takmarki andmælarétt og möguleika hlutaðeigandi aðila til að koma með gagnlegar athugasemdir.

Afstaða PFS

Með sátt Skipta og SE hafa ekki orðið þær breytingar á markaði sem gera greiningu PFS of gamla, sérstaklega þegar þær breytingar sem aukasamráð þetta tekur til hafa verið teknar til greina og texti endurskoðaður í samræmi við það. Skiptasamstæðan ber enn ábyrgð á sömu þjónustunni, þó ýmis þjónusta hafi flust á milli eininga innan samstæðunnar, þ.e. frá Símanum til Mílu. Aðstæður og hlutdeildir aðila hafa ekki breyst að marki á því tæpa ári sem liðið er frá því að frumdrög voru birt. PFS mun þó uppfæra tölfræði greiningarinnar þannig að hún miðist við lok árs 2013. PFS mun hins vegar fylgjast náið með markaði og endurskoða greininguna fyrr en ella ef tilefni gefst til. PFS telur sig hafa gætt að andmælarétti markaðsaðila með fullnægjandi hætti með hinu upphaflega samráði

um frumdrögin og hinu afmarkaða aukasamráði, þar sem m.a. var getið um þau áhrif sem PFS telur að umrædd sátt hafi á greiningarnar.

Míla vill árétta að fyrirtækið er ósammála landfræðilegri afmörkun sem fram kemur í frumdrögunum og telur það einfalt að skilgreina höfuðborgarsvæðið sem sér markað þar sem Míla fullyrðir að GR hafi umtalsverðan markaðsstyrk.

Míla telur það ekki síður ámælisvert að PFS greinir ekki landfræðilegan markað í ljósi þess að PFS telur kopar á undanhaldi og eftirspurn eftir ljósleiðara fari vaxandi. Aðgangsnét Mílu er koparnet og Míla þarf að fara í uppbyggingu til að geta annað þeirri eftirspurn. PFS verði að rannsaka verð fyrir heimtaugar GR á höfuðborgarsvæðinu til að geta með vissu haldið því fram að verð sé það sama fyrir aðgang að heimtaug á landinu öllu. Míla telur greiningu PFS á landfræðilegum mörkuðum haldna verulegum ágöllum og krefst þess að stofnunin framkvæmi fullgilda rannsókn á landfræðilegum mörkuðum.

Afstaða PFS

Aukasamráð sem hér er til umfjöllunar náði ekki til landfræðilegrar skilgreiningar á viðkomandi mörkuðum. Þeim þáttum er svarað með ítarlegum hætti í bæði frumdrögunum og svörum við innkomnum athugasemdum við þeim (Viðauka B1). Niðurstaða PFS í frumdrögunum er að landið er einn markaður, að við núverandi markaðsaðstæður hafi ljósleiðaraheimtaugar ekki forskot eða yfirburði umfram koparheimtaugar og Míla hafi stöðu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á landinu öllu.

2. Athugasemdir við tölusetta liði

Síminn tekur undir afstöðu PFS sem fram kemur á bls. 12 í aukasamráðsskjalinu um afnám kvaðar á Símann um veitingu aðgangsleiðar 4 og telur hana réttmæta.

Afstaða PFS

Þessi afstaða Símans er í samræmi við fyrirhugaða niðurstöðu PFS.

Míla gerir athugasemd við lið 5.2 á bls. 13 í aukasamráðsskjalinu um fyrirhugaðar breytingar á jafnræðiskvöð og gagnsæiskvöð á heimtaugamarkaði (M4) þar sem PFS leggur til að frestur Mílu til að tilkynna tengdum og ótengdum aðilum um útbreiðslu, uppbyggingu eða aðra þróun heimtauganeta, tengdrar þjónustu og nýjungar sem máli skipta, verði stytur úr 1 ári í 6 mánuði í málsgrein 671 í frumdrögunum. Að mati Mílu er 6 mánaða tilkynningafrestur enn of langur og í raun óþarfur með öllu. Míla telur orðalagið of víðtækt og virðist sem að félagið geti ekki sett upp nýjan götuskáp með VDSL, sett VDSL í símsstöð, lagt kopar eða ljós í nýtt hverfi, tekið ljósleiðara í notkun í grónu hverfi eða lagt nýjan ljósleiðara til fyrirtækis, nema tilkynna það með 6 mánaða fyrirvara. Slík 6 mánaða bið viðskiptavinar eftir heimtaug sé algerlega óviðunandi og slík

framkvæmd taki venjulega nokkrar vikur. Míla telur nægilegt að jafnræðis sé gætt og allir tengdir aðila og ótengdir séu upplýstir á sama tíma en tilteknir frestir óþarfir.

Afstaða PFS

Hér er Míla að oftúlka kvöðina og orðalag hennar. Þessi frestur á við um breytt fyrirkomulag og þróun heimtauganeta (M4), en ekki um uppbyggingu bitastraumsþjónustu (M5), svo sem VDSL yfir þau heimtauganet, en þar verða tilkynningarfrestur 3 mánuðir. Hins vegar er það rétt skilið hjá Mílu að þegar nefnd er uppbygging og útbreiðsla heimtauganeta er átt við lagningu kopars eða ljóss í nýtt hverfi eða þegar gróið hverfi er ljósleiðaravætt. Á hinn bóginn oftúlkar Míla orðalag PFS þegar Míla telur sig ekki geta sinnt lagfæringum eða endurbótum á einstaka heimtaugum.

PFS telur það mikilvægt að þegar Míla fari í þær framkvæmdir sem hér um ræðir, þ.e. uppbyggingu og þróun heimtauganetsins, að allir aðilar markaðarins, tengdir og ótengdir, hafi vitneskju um þá uppbyggingu, nýjungar eða þróun með nægilegum fresti svo þeir geti brugðist við þeirri þróun í starfsemi sinni og keppt við samstæðuna á jafnræðisgrunni á smásölustigi. Þetta getur einnig verið mikilvægt svo netrekendur geti mögulega samnýtt skurði, rör og aðrar framkvæmdir.

PFS mun taka ofangreinda athugasemd Mílu til skoðunar með það í huga hvort orðalag í málsgrein 671 í frumdrögunum um styttingu frests úr 1 ári í 6 mánuði geti verið gert skýrara, svo ljós sé að átt er við þróun netsins, ekki einstaka heimtaugar.

Vodafone gerir ekki athugasemd við þá fyrirhuguðu ákvörðun PFS að stytta tilkynningarfresti Mílu um nýframkvæmdir og uppfærslu kerfa á mörkuðum 4 og 5, en telur mjög mikilvægt að PFS setji niður með skýrum hætti hvernig slíkt tilkynningarferli eigi að eiga sér stað. Vodafone leggur ríka áherslu á að PFS tryggi eins og frekast er unnt að fjarskiptafélög á markaði upplifi öryggi og staðfestu hvað varðar upplýsingar sem varða jafnræði og félög geti keppt á jafnréttisgrundvelli, s.s. undirbúið sig fyrir þá útbreiðslu, uppbyggingu og þróun sem Míla boðar og komið í veg fyrir að eitt félag hafi forskot hvað þessa þætti varðar.

Afstaða PFS

Vodafone leggur hér frekari stoðir undir niðurstöður PFS um nauðsyn hæfilegra tilkynningarfresta vegna jafnræðis varðandi aðgengi að upplýsingum um þróun neta, kerfa og heildsöluþjónustu Mílu. PFS telur hins vegar ekki þörf á að útlista með mjög nákvæmum hætti hvernig slíkar tilkynningar fari fram. PFS mun þó að sjálfsögðu fylgjast með því að Míla sinni þessari skyldu sinni með fullnægjandi hætti.

Vodafone gerir athugasemd við lið 5.2 í aukasamráðsskjalinu um lengingu frests Mílu til að gera gæðaviðmiðunarsamninga, gæðatryggingarsamninga og til að birta lykिलframmistöðupætti á heimtaugamarkaði (M4) úr 3 mánuðum í 6 mánuði. Vodafone metur þau gögn sem mikilvæg og þáttur í undirbúningi fyrirtækjanna vegna nýrra vara á viðkomandi markaði og því öðrum fjarskiptafyrirtækjum nauðsynleg. Á grundvelli þessara gagna byggja önnur fjarskiptafyrirtæki þjónustu sína, verðlagningu og framboð. Á meðan viðmiðunartilboð og ofangreind meðfylgjandi gögn liggja ekki fyrir eigi þau erfitt með að taka ákvarðanir um kaup. Vodafone leggur því til að

umræddur frestur verði ekki lengdur. Sömu athugasemd leggur Vodafone fram vegna lengingu sams konar frests á markaði fyrir aðgang að bitastraumspjónustu, M5.

Afstaða PFS

PFS metur það svo að sú nýbreytni sem birting lykilframmistöðupáttar, gerð gæðaviðmiðunarsamninga og gæðatryggingarsamninga er, feli í sér umtalsverða vinnu sem ekki verði unnin með svo ítarlegum hætti sem gera megir kröfu um á þremur mánuðum. Því leggur PFS til að Míla fái 6 mánaða frest í stað þeirra 3 mánaða sem lagt var til í frumdrögunum, en stofnunin mun ganga fast á eftir því að sá tímarammi haldi.

Míla gerir athugasemd við málsgrein 5.3 í aukasamráðsskjalinu um fyrirhugaða breytingu á jafnræðiskvöð á M5, þar sem lagt er til að málsgreinum 834 og 848 í frumdrögunum verði breytt á þann veg að frestur til tilkynninga á breytingum í bitastraumspjónustu verði stytur úr 6 mánuðum í 3 mánuði. Míla telur orðalag hér mjög víðtækt og virðast eiga að ná yfir allar breytingar sem mögulega geta orðið í neti Mílu. Míla hefur til þessa gætt þess að tilkynna með 3ja mánaða fyrirvara þegar tiltekin símsstöð er VDSL-vædd. Míla telur að jafnræði í tilkynningum dugi til að jafnræðiskvöð nái fram að ganga. Að mati Mílu eru því tilteknir frestir óþarfir og beri að fella þá niður.

Afstaða PFS

PFS hafði hug á að setja 6 mánaða frest á heildsölu Símans á bitastraumspjónustu, til að gera nokkuð stífar kröfur á heildsölu Símans og tryggja jafnræði keppinauta við smásölu Símans. Með tilfærslu bitastraumspjónustunnar til Mílu vegna sáttarinnar við SE og þann aðskilnað frá smásölu Símans telur PFS nægilegt að stytta umræddan frest í 3 mánuði. Að mati PFS er 3ja mánaða frestur eðlilegur svo þjónustuaðilar í samkeppni við samstæðuna hafi tíma til undirbúnings á sölustarfi sínu vegna breytinga á bitastraumspjónustu Mílu. Slíkur frestur er mikilvægur í þeim tilgangi að skapa sátt og trúverðugleika um stöðu Símans gagnvart Mílu.

Viðkomandi frestur tengist upplýsingagjöf vegna breytinga sem áhrif geta haft á þjónustu sem heildsöluviðskiptavinir Mílu bjóða endanotendum sínum. Í frumdrögunum kemur fram að upplýsingarnar skuli m.a. innihalda fyrirhuguð verð, skilmála, tæknilegar lýsingar, tímasettar áætlanir varðandi uppfærslu, útbreiðslu eða nýjungar, uppfærða stöðu uppfærslu/útbreiðslu og fyrirhugaða tengistaði. Ljóst er að ekki er átt við minniháttar breytingar eða uppfærslur sem ekki hafa bein áhrif á heildsöluvörur viðkomandi markaðar.

Vodafone gerir athugasemd vegna breytingar á jafnræðiskvöð á markaði 5, í málsgrein 5.3 í aukasamráðsskjalinu, þess efnis að á meðan IP-MPLS þjónustan er enn á forræði Símans sé ekki hægt að stytta tilkynningafrest Mílu vegna breytinga á fyrirkomulagi á bitastraumspjónustu úr 6 mánuðum í 3, því IP-MPLS þjónusta Símans er mjög mikilvægur hluti bitastraumspjónustunnar þar til Míla hefur byggt upp eigið kerfi.

Afstaða PFS

Samkvæmt sátt Skipta og SE skal Míla hafa lokið uppbyggingu eigin MPLS kerfis til veitingu bitastraumspjónustu innan árs frá dagsetningu sáttarinnar. Sá tími rann út þann 8. mars 2014 en

ljóst er að Míla hefur ekki lokið við þá uppbyggingu þótt hún sé hafin. Sáttin gerir enn fremur ráð fyrir því að Míla hafi aðgang að IP-MPLS kerfi Símans lengur en umrætt ár ef þurfa þykir. Ætla má að þegar ákvörðun á grundvelli greiningar þessarar verður birt á vormánuðum 2014, sé Míla að taka eigið MPLS kerfi í notkun sem leysir af mestu af hólmi þá þjónustu sem IP-MPLS kerfi Símans sinnir nú fyrir bitastraumsþjónustu Mílu. Framangreind athugasemd Vodafone þykir að mati PFS ekki eiga að leiða til þess að stofnununin hætti við að stytta umræddan frest úr 6 mánuðum í 3 mánuði, né að athugasemdir Mílu eigi að leiða til að þessi frestur verði alfarið felldur brott. PFS gætir þarna ákveðins meðalhófs.

Vodafone gerir þá athugasemd vegna málsgreinar 6.1 í aukasamráðsskjalinu að ekki sé fjallað með ítarlegum hætti um tengipunkta Mílu við veitingu þjónustu samkvæmt aðgangssleiðum 1-3 en fjallað er ítarlega um aðgangssleiðirnar hvað aðra þætti varðar. Vodafone telur að það sé lágmarkskrafa að Míla gefi upp alla tengipunkta sem í boði eru fyrir bitastraumsaðgang.

Afstaða PFS

PFS telur greiningarskjal sem þetta og drög að ákvörðun ekki réttan vettvang fyrir umfjöllun um slíka tengipunkta eða útfærslu þeirra. Lýst er fyrirkomulagi aðgangssleiðanna, en PFS telur rétt að tengipunktar séu gefnir upp sem hluti af uppfærðu viðmiðunartilboði Mílu, sem PFS mun yfirfara í kjölfar markaðsgreiningar þessarar.

Míla gerir þá athugasemd við málsgrein 6.1 í aukasamráðsskjalinu að fyrirtækið geti tekið undir það að rétt sé að endurskoða stofn- og mánaðargjöld sem ekki mega virka sem aðgangshindrun. Slík gjöld geta hins vegar átt rétt á sér og hafa lengi tíðkast, t.d. í leigulínugjaldskrá. Míla bendir á að fyrirtækið sé að byggja upp MPLS-TP kerfi sem mun nýtast t.d. vegna aðgangssleiðar 2 og verði aðgangssleið 2 notuð mun virkni heildsöluskipta flytjast inn í stofnlínukerfi Mílu. Hafa beri í huga að Míla tók við kvöðum og ákvörðunum sem áður giltu á Símanum varðandi heildsöluskipta og minnir Míla á að fyrirtækið stefnir að breyttri kerfishögun þar sem þau rök sem þar koma fram um tilvist og notkun heildsöluskipta munu ekki eiga við sem sama hætti. Þegar sú kerfishögun er komin fram sé rétt að endurskoða kostnaðargreiningu og verðskrá.

Afstaða PFS

Í aukasamráðsskjalinu nefnir PFS að ekki sé eðlilegt að netrekandi á borð við Mílu innheimti stofngjöld eða mánaðargjöld af kerfishlutum eins og heildsöluskiptum. Orðalag PFS á ekki við almenna notkun stofngjalda eða mánaðargjalda, heldur eingöngu vegna framangreindra heildsöluskipta. Gildandi stofn- og mánaðargjöld vegna heildsöluskipta byggja á ákvörðun PFS nr. 38/2012 þar sem kveðið var á um notkun heildsöluskipta og gjöld þar að lútandi. Frá þeim tíma sem ákvörðunin var birt hafa aðstæður breyst og meiri reynsla er komin á notkun heildsöluskipta. PFS hyggst leggja til að í næstu kostnaðargreiningu fyrir aðgangssleiðir 1-3 verði litið á kostnað vegna heildsöluskipta sem hluta af heildarkostnaði aðgangskerfis Mílu og að þessi kostnaður verði þar með innifalinn í verði fyrir bitastraumsaðgang, séu slíkir heildsöluskiptar yfir höfuð notaðir, óháð því hvort einn eða fleiri aðilar óski eftir aðgangi. Það verði í höndum Mílu að finna hagkvæma lausn á því að veita fleiri en einum aðila bitastraumsaðgang á fullnægjandi hátt, hvort sem það sé gert með notkun heildsöluskiptis eða á annan hátt.

Vodafone fagnar afstöðu PFS í málsgrein 6.1 í aukasamráðsskjalinu að ekki sé eðlilegt að netrekandi á heildsölustigi innheimti stofngjald og mánaðargjald vegna kerfishluta svo sem netskipta eins og heildsöluskipta. Verði ekki af þessari fyrirætlun PFS telur Vodafone mikilvægt að PFS endurskoði hvernig stofn- og mánaðargjöldum sé dreift á aðila. Þrír aðilar nýti nú heildsöluskiptana, Míla sjálf, Síminn og Vodafone en ekki tveir eins og áður var.

Afstaða PFS

PFS vísar á framangreint svar vegna athugasemdar Mílu við málsgrein 6.1.

Vodafone óskar þess að PFS skýri með hvaða hætti stofnunin sjái fyrir sér uppgjör félaganna vegna þess kostnaðar sem þegar hefur verið lagt út í vegna heildsöluskipta á grundvelli ákvörðunar 38/2012. Vodafone telur mikilvægt að PFS móti slíka afstöðu þar sem breytt fyrirkomulag getur skilað Skiptasamstæðunni niðurgreiðslu af hálfu Vodafone fyrir helmingi þeirrar fjárfestingar sem lagt var út í vegna ofangreindrar ákvörðunar.

Afstaða PFS

Uppgjör þessa kostnaðar og þær ákvarðanir um kostnaðargreiningu og verðskrá falla utan efnis þessa aukasamráðs. Slíkar ákvarðanir verða teknar á öðrum vettvangi og bendir PFS þar m.a. á aukasamráð, dags. 21. febrúar sl., um kostnaðargreiningu fyrir aðgang að heildsöluskiptum vegna aðgangsleiðar 1 (markaður 5). Búið er við að endanleg ákvörðun í því máli líti dagsins ljós samhliða ákvörðun í máli því sem hér er til umfjöllunar.

Míla fagnar þeim skilmálum sem PFS boðar um aðgangsleið 2 og heimild Mílu til að draga til baka framboð á aðgangsleið 1 og er þeim sammála.

Afstaða PFS

Athugasemd Mílu styrkir niðurstöðu PFS um þetta atriði en PFS vill einnig minna á að framboð á aðgangsleið 1 verður ekki dregið til baka nema að fyrirfram fengnu samþykki PFS.

Vodafone telur mikilvægt vegna veitingu aðgangsleiðar 2, sem PFS boðar í málsgrein 6.1 í aukasamráðsskjalinu, að fjarskiptafélög hafi á hverjum tíma val um hvaða þjónustu félögin hugsa sér að nýta á hverjum stað. Fjarskiptafélög verða að hafa möguleika á að haga seglum eftir vindi hvað varðar þarfir viðskiptavina. Vodafone telur mikilvægt að Míla skýri aðgangsleið 2 og geri hana samkeppnishæfa öðrum aðgangsleiðum og vænlega til hagræðingar. Vodafone getur hins vegar ekki fallist á að aðrar aðgangsleiðir verði lagðar niður því hver og einn viðskiptavinur er með misjafnar kröfur sem geta krafist þess að aðgangsleiðum verði breytt með skömmum fyrirvara.

Afstaða PFS

Athugasemdir Vodafone um aðgangsleið 2 styrkja niðurstöður PFS um að nauðsynlegt er að bjóða þá aðgangsleið á markaði. PFS minnir á að Míla mun ekki geta upp á sitt einsdæmi lagt niður aðgangsleið 1, þar sem samþykki PFS þarf fyrirfram fyrir slíku. Verður þá fyrst og fremst horft til meginreglunnar að aðgangsbeiðni sé eðlileg og sanngjörn í sérhverju tilviki.

Síminn gerir athugasemd við þá umfjöllun á bls. 16 í aukasamráðsskjalinu sem lýtur að heimild Mílu til að draga til baka framboð á aðgangssleið 1 ef beiðni berst um aðgangssleið 2. Síminn getur ekki fallist á þá tillögu eins og hún er sett fram. Síminn áréttar að afnám aðgangssleiðar 1 getur aldrei verið gerð með einhliða ákvörðun og án samþykkis viðkomandi fjarskiptafyrirtækja. Þó eitt fyrirtæki óski eftir aðgangssleið 2 kann það að þjóna hagsmunum annars fyrirtækis að nota áfram aðgangssleið 1. Síminn telur að skýra þurfi betur og ítarlega hvenær og í hvaða aðstæðum það eigi að vera heimilt að fella niður aðgangssleið 1 og hvenær ekki. Síminn telur að það eigi ekki að vera heimilt að leggja niður aðgangssleið 1 nema með samþykki þess aðila sem er að nota hana og í engum kringumstæðum eigi beiðni annars fyrirtækis, þó málefnaleg sé, að hafa áhrif á tengingar þess fyrirtækis sem nýtir, eða óskar að nýta, aðgangssleið 1.

Afstaða PFS

PFS áréttar að Mílu verður ekki heimilt að einhliða fella niður framboð aðgangssleiðar 1. Samþykki PFS þarf fyrirfram fyrir hverju tilfelli. Það að Míla fái sanngjarna og eðlilega beiðni um aðgangssleið 2 felur ekki í sér sjálfkrafa niðurlögn aðgangssleiðar 1. Einungis það að bjóði Míla aðgangssleið 2 á ákveðnu svæði er fyrirtækinu heimilt að óska eftir niðurlögn á aðgangssleið 1 við PFS. Óski Míla eftir að draga til baka framboð aðgangssleiðar 1 á tilteknum svæðum skal sú breyting á kerfishögum lögð fram til samráðs við hagsmunaaðila. PFS mun við úrvinnslu slíkra mála reyna að horfa til þess að frestir verði eðlilegir og að markaðsaðilar verði fyrir sem minnstu tjóni af slíkum tilflutningi á þjónustu, verði fallist á beiðni Mílu um flutning úr aðgangssleið 1 í aðgangssleið 2 á tilteknum svæðum.